

1869. sá einn höfðað, sem fyrir óréttinum hefir orðið, og verður þeim
11. desbr. málum því að eins gegnt, að þau sè höfðuð innan árs og dags.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

11. desbr. **89. Opíð bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu.**

Vèr Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Forréttindi þau, sem opíð bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangs-kröfum þeim, sem þar er um rædt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eptir auglýsingu tæðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gjörð er aðfór eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangs-kröfu, án þess nauðsynlegt sè til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sè skipt sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1.—22.—28. (D. L. 1.—24.—26.), að ekki má með slíkri gjörð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangs-kröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, en þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aptur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur að eins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á með lögtaki í lausafé, þó veðsett sè. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, nè heldur opíð bréf 23. júlímán. 1819,

gjörir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögum-
um eða seinni tilskipunum, meðal ýmsra flokka af forgangs-
kröfum, hvers til annars, og skal þess sèr í lagi gætt, að gjöld
til ríkissjóðsins ganga fyrir sveitargjöldum.

1869.
11. desbr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

90. Opið bréf handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. 11. desbr.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í stað lyfjavogar þeirrar, sem höfð hefir verið hingað til á Íslandi, skal viðhafa hið frakkneska gram-kerfi þegar læknar eða dýralæknar segja fyrir um læknislyf, og þau eru af hendi látin frá lyfjabúðunum sem læknisdómar.

2. grein.

Konungur úrskurðar, hvenær þetta opna bréf skuli öðlast gildi, og skipar nákvæmar fyrir um það sem með þarf útaf því.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.